

**Fundargerð**  
**26. aðalfundar**  
**Sorpstöðvar Suðurlands**

haldinn 1. og 2. nóvember 2007  
á Kirkjubæjarklaustri

## Setning.

**Ólafur Áki Ragnarsson**, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Lagði hann til að dagskrá yrði breytt þannig að liður 8 færðist upp og yrði á undan lið 4.

Hann tilnefndi þau Jónu S. Sigurbjartsdóttur og Bjarna Daníelsson sem fundarstjóra og Ástu Stefánsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga stjórnar SASS að kjörbréfa- og kjörnefnd:

**Gunnar Þorgeirsson, formaður**

**Margrét K. Erlingsdóttir**

**Þorgils Torfi Jónsson**

**Aldís Hafsteinsdóttir**

**Páley Borgþórsdóttir**

**Gísli Kjartansson**

**Birna Borg Sigurgeirsdóttir**

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók nefndin þegar til starfa.

## Kynning á svæðisáætlun og samstarfi sveitarfélaganna á SV-horninu

**Ögmundur Einarsson**, formaður verkefnisstjórnar, kynnti svæðisáætlunina. Greindi hann frá bakgrunni verkefnisins, gildandi lögum og reglugerðum. Svæðisáætlunin er unnin fyrir allt Suðvesturland og nær til 36 sveitarfélaga, fjögurra sorpsamlaga. Forsendur byggja á spá um íbúafjölgun og magn úrgangs. Ráðgjafarhópar voru fengnir til að meta bestu leiðir. Urðunarstaðir voru metnir og eru 10 staðir sem koma fræðilega til greina. Áhersla er á að nýta beri núverandi urðunarstaði sem best. Miðað er við að hætta urðun á lífrænum og brennanlegum úrgangi eigi síðar en 2020. Ögmundur gerði grein fyrir ýmsum möguleikum varðandi sorpeyðingu. Ræddi hann einnig um rekstrarform og hvenær tímabært væri að stofna samstarfsvettvanginn, svo og um fjármögnun og tímasetningar á undirbúningsferli.

## Umræður

**Elfa Dögg Þórðardóttir** tók til máls.

Spurði hún Ögmund hvort sú lausn sem hann nefndi kollvarpi ekki starfi því sem unnið er nú í Sorpstöð Suðurlands varðandi flokkun pappírs, plasts o.fl.

**Ísólfur Gylfi Pálmason** þakkaði áhugavert erindi og vakti máls á því að endurvinnsla og endurnýting skapar verðmæti úr því sem áður var hent.

**Ögmundur Einarsson** svaraði fyrirspurn Elfu Daggar, þ.e. að efnisvinnsla, söfnun og flokkun minnki það magn sem fer í dýrari lausnir við sorpeyðingu.

## Niðurstaða kjörnefndar um lögmati fundarins

**Gunnar Þorgeirsson**, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum, alls voru mættir 9, og eru gild kjörbréf 9 talsins. Fundurinn úrskurðast því lögmatum.

## Skýrsla stjórnar

**Ólafur Áki Ragnarsson** formaður kynnti skýrsluna. Byrjaði hann á að þakka Ögmundi erindið. Breytingar urðu á tímabilinu, Elfa Dögg Þórðardóttir, formaður, hætti á haustdögum og Björn Bjarndal Jónsson kom inn í staðinn. Ólafur Áki tók þá við formennsku. Deiliskipulag urðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu var samþykkt á árinu. Kjötmjölsverksmiðjan var endurreist og keypti Sorpstöðin hlut í fyrirtækinu. Unnið var að svæðisáætluninni. Ákveðið var að taka ekki á móti riðusmituðum úrgangi til urðunar. Ólafur Áki þakkaði meðstjórnendum sínum og Elfu Dögg fyrir góða vinnu í stjórninni, svo og þakkaði hann Guðmundi Tryggva Ólafssyni fyrir hans störf.

### **Skýrsla framkvæmdastjóra**

**Guðmundur Tryggvi Ólafsson** framkvæmdastjóri kynnti fyrirtækið og starfsemi þess.

Fór hann yfir helstu verkefni stöðvarinnar.

Fastir starfsmenn eru þrír, eignaraðilar eru 9, en 11 sveitarfélög standa að henni. Afkoma var góð á síðasta ári og er eiginfjárstaða sterk. Gjaldskrá hækkaði um 5 % 1. janúar s.l. og er lagt til að 3% hækkun verði samþykkt nú. Á árinu 2006 var lokið var við að urða í eina rein og byrjað á nýrri. Keyptur var nýr troðari fyrir urðunarsvæðið. Innvegið magn var rúm 20.000 tonn, aukning um rúmt 1 %. Sveitarfélögin greiða fyrir um 14.000 tonn. Gámafyrirtæki skiluðu rúmlega 4.000 tonnum. Sorpstöðin skilaði grænu bókhaldi fyrir árið 2006. Sorpstöðin tók þátt í landgræðsluáttaki sem fólst í dreifingu á mjöli. Sorpstöðin styður verkefnið Vistvernd í verki og tengist verkefni sem heitir Soun, sem felur í sér kortlagningu á neyslu almennings. Unnið hefur verið að grenndargámaverkefni s.l. tíu ár og stendur til að uppfæra það. Unnið er að könnun á því hve mikið sé unnt að vinna af metangasi á Kirkjuferjuháleigu.

### **Umræður.**

**Ísólfur Gylfi Pálmason** tók til máls og þakkaði góðar skýrslur og góð störf. Vakti hann máls á riðu í sauðfé og förgun fjár. Styr hefur staðið um förgun á heyrúllum á bæ þar sem kom upp riða. Stjórn Sorpstöðvar hefur neitað að taka við rúllunum. Mikill kostnaður fylgir því að koma heyinu til förgunar í brennslustöð á Suðurnesjum. Óskaði Ísólfur Gylfi eftir að stjórnin tæki afstöðu sína til endurskoðunar.

**Guðmundur Tryggvi** veitti svör. Sorpstöðin hefur ekki hafnað að taka við rúllunum en hefur samþykkt að taka við þeim og ráðstafa þeim til förgunar með öðrum hætti en með urðun, þ.e. til brennslu. Rakti hann ýmis sjónarmið sem standa gegn því að urða smitaðan úrgang í Kirkjuferjuháleigu.

**Ísólfur Gylfi** tók til máls og tók fram að yfirdýralæknir telji heyrúllurnar ekki valda smiti. Lýsti hann ánægju með að Sorpstöðin væri tilbúin að taka við rúllunum.

### **Afgreiðslumál**

#### **i. Ársskýrsla SOS**

Skýrslan var samþykkt samhljóða.

#### **ii. Endurskoðaðir ársreikningar 2006**

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

#### **iii. Tillaga að fjárhagsáætlun 2008**

**Ragnheiður Hergeirsdóttir** spurðist fyrir um bifreiðastyrk, þar er um verulega hækkun að ræða á milli ára.

**Ísólfur Gylfi Pálmason** gerði athugasemd við að áætlun gerir ráð fyrir 7,1 mkr. vegna sláturúrgangs og spurðist fyrir um í verju hækkunin væri fölgín. Þá spurði hann hvort nauðsynlegt væri að hafa svo mikinn hagnað sem áætlunin gerir ráð fyrir af fyrirtæki sem þessu.

**Ólafur Áki** svaraði spurningunni um bifreiðastyrkinn sem á sér rætur í því að bifreið á rekstarleigu var seld og tekinn upp bifreiðastyrkur í staðinn.

**Guðmundur Tryggvi** svaraði fyrirspurnum Ísólfs Gylfa. Ný reglugerð gerir áætlun erfiða. Flokkun er flóknari en áætlað var og þarf því að taka við meira magni af sláturúrgangi en gert var ráð fyrir. Hagnaður af rekstri nú er hugsaður til að geta gengið inn í þær kostnaðarsömu lausnir sem vænta má í Sorpeyðingu á næstu árum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**iv. Staðfesting gjaldskrár**

Gjaldskráin var samþykkt samhljóða.

**Kosningar**

**i. Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands**

**Formaður kjörnefndar lagði fram tillögu atkvæðisbærra fulltrúa á fundinum:**

**Stjórn:**

Ragnheiður Hergersdóttir, formaður,	Árborg
Ólafur Áki Ragnarsson, varaformaður,	Ölfus
Örn Þórðarson	Rangárþing- Eystra

**Varamenn**

Jón Hjartarson	Árborg
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Unnur Brá Konráðsdóttir	Rangárþing-Eystra

Framangreindir aðal- og varafulltrúar kosnir samhljóða.

**ii. Tveir skoðunarmenn ársreikninga og tveir til vara**

**Aðalmenn**

Elín Einarsdóttir  
Margrét Sigurðardóttir

**Varamenn**

Herdís Þórðardóttir  
Sigurður Jónsson

Framangreindir aðal- og varafulltrúar kosnir samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, fundarstjóri

Bjarni Daníelsson, fundarstjóri

Ásta Stefánsdóttir, ritari